

Borgarráð

Bráðaviðgerðir á útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita alls 30,7 mkr., af kostnaðarstaðnum ófyrirséð - 09205, í bráðaviðgerðir á útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar. Verkin sem ráðast á í viðgerðir á eru í umsjá Listasafns Reykjavíkur og hefur forvörður á vegum safnsins lagt mat á ástand verkanna. Áætlaður kostnaður vegna sérfræðivinnu og bráðaviðgerða í ár nemur tæpum 15,7 mkr. Þá skal næstu þrjú árin veita 5 mkr. árlega, alls 15 mkr. til áframhaldandi viðgerða sem vísar til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2018 og fimm ára áætlunar.

Greinargerð:

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 12. júní sl. kynntu Ólöf Kristin Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, og Sigurður Trausti Traustason, deildarstjóri safneignar og rannsókna, viðhaldspörf útilistaverka í Reykjavík. Þar kom fram að brýnt er að ráðast í lagfæringar á nokkrum útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar á þessu ári og enn fremur að auka framlög til áframhaldandi bráðaviðgerða og almenns reglubundins viðhalds á næstu árum. Skráð útilistaverk í Reykjavík eru alls 183 en þar af eru 148 í eigu borgarinnar og ber Listasafn Reykjavíkur ábyrgð á þeim verkum. Samkvæmt mati forvarðar eru einkum 11 verk sem brýnt er að laga og bæta sem fyrst, auk þess sem hreinsa þarf stöpla í garði Ásmundarsafns, bæta merkingar og fleira. Áætlaður kostnaður vegna bráðaviðgerða í ár og sérfræðivinnu nemur tæpum 15,7 mkr. Þar af er áætlaður kostnaður vegna lagfæringar á verkinu Fyssu eftir Rúrí í Grasagarði Reykjavíkur um 8 mkr. Munar þar mestu um að vatnsdælur eru ónýtar og vatnsgangur virkar ekki. Áfram þarf að sinna bráðaviðgerðum á næstu árum en jafnframt þarf að auka framlag til reglubundins viðhalds svo hægt verði jafnt og þétt að halda við útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar.

Í kjölfar þess lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um viðgerð og endurbætur útilistaverka á borgarstjórnarfundum þann 20. júní sl. sem vísað var til afgreiðslu borgarráðs. Sú tillaga sem hér liggur fyrir byggir á fyrrgreindum forsendum menningar- og ferðamálaráðs sem og áður nefndri tillögu í borgarstjórn.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

Hjálagt:

Yfirlit vegna viðhalds útilistaverka - dags. júní 2017.

Fyssa - minniblað dags. 19. júní 2017.

Listasafn Reykjavíkur

Kostnaðaráætlun bráðaviðgerða fyrir árið 2017

Hyrningar VIII	280.000
Hyrningar VI	450.000
Íslandsmerki	1.000.000
Landnám	100.000
Stóð	150.000
Mynd	330.000
Sólarauga	350.000
Berlínarmúrinn	350.000
Íslandsviti	900.000
20 logar	1.000.000
Hreinsa stöpla í Ásmundargarði	400.000
Merkingar	250.000
Annað (efni o.fl.)	400.000
Sérfræðingar - Forvörður og tæknimaður vinna í ca 6 vikur	1.700.000
Samtals	7.660.000
FYSSA	8.000.000
Heildarupphæð 2017	15.660.000

Kostnaðaráætlun á ári frá 2018

Áframhaldandi bráðaviðgerðir	5.000.000
Reglubundið viðhald	3.700.000
Fyssa - reglubundið viðhald	1.000.000
Samtals á ári	9.700.000

Minnisblað um Fyssu eftir Rúrí

Reykjavík 19. júní 2017

Listaverkið Fyssa eftir Rúrí var sett upp í Grasagarðinum í Reykjavík og vígt árið 1995 eftir hugmyndasamkeppni. Frumkvæðið kom frá Vatnsveitunni sem gaf Reykjavíkurborg verkið.

Verkið er umfangsmikið, tæknilega flókið og margslungið og hefur vatnsgangur verið óvirkur í nokkur ár.

Orkuveita Reykjavíkur hefur lengst af greitt kostnað við ýmiss konar hreinsun og aðgerðir vegna tæknimála en Reykjavíkurborg (Grasagarður) hefur greitt vatn og rafmagn.

Í lok árs 2014 óskaði Rúrí formlega eftir því við borgaryfirvöld að listaverkið yrði lagfært. Kostnaðaráætlun vegna viðgerða á þeim tíma hljóðaði upp á 15 til 20 milljónir en ekkert varð úr því að ráðist yrði í verkið.

Samkvæmt nýrri kostnaðaráætlun sem OR hefur látið verkfræðistofuna Eflu gera, nemur upphæð lagfæringar um 8 til 10 milljónum króna.

OR hefur tekið jákvætt í ósk um að taka þátt í þeim kostnaði. Listasafn Reykjavíkur er tilbúð að taka yfir venjubundið viðhald og eftirlit með verkinu að því gefnu að

Það fái fjárheimild til þess sem nemi um einni milljón króna á ári. Lagt er til að samhliða verði gerður samningur við OR um að dælubúnaður verði áfram undir eftirliti OR og enn fremur að vatn og rafmagn verði sem fyrr greitt af fjárheimildum Grasagarðsins.

Lýsing á verkinu á vef Rúrí:

Nafn listaverksins er Fyssa, sem er samstofna orðinu foss. Grunnhugmynd verksins er náttúruöflin eins og þau birtast á Íslandi. Jörðin rifnar svo sprungur og gjár myndast, berggangar verða til í gosum, jarðlög eyðast og drangar rísa. Vatn safnast í gjár, frýs í glufum og klýfur björg.

Listaverkið stendur að hluta til upp úr yfirborði jarðar, að hluta til gengur það niður í jörðina og myndar gjá, og að hluta til breiðir það sig flatt á yfirborðinu. Það myndar línu í gegnum steinlögnina í garðinum sem gefur til kynna sprungustefnu jarðlaga á Íslandi.

Vatnsrennslið er síbreytilegt, líkt og í náttúrunni, þannig að ásýnd verksins breytist stöðugt. Hljóðið sem myndast þegar vatnið fellur í gjána er síbreytilegt vegna mismunandi þrýstings í vatnsbununum.

Heimild: <http://ruri.is/is/2011/10/17/fyssa/>

Tekið saman af Örnú Schram sviðsstjóra MOF